

79
18. júní.

6. gr.

Með yfirlýsingu þeirri, er undir var rituð 16. apríl 1856 af ríkjum þeim tveimur, er í ófriðnum eiga, og sem Danmörk gekk að 25. júní s. á., um rjett hlutlausra þjóða, meðan ófriður stendur með útlendum sjóveldum, voru samþykktar þessar reglur:

1. Víking (Kaperi) er og skal vera af numin sem áður.
2. Merki hlutlausrar þjóðar hlífir farmi óvinþjóðar, að þeim munum fráskildum, er ekki má selja á ófriðartímum (Krigskontrebande).
3. Farm hlutlausrar þjóðar má ekki hertaka, þótt hann sje í óvinaskipi, nema það sjeu munir, sem bannað er að selja á ófriðartímum.
4. Til þess að landspenna sje gild, verður hún að vera gjörð til hlítar, þ. e. með svo miklum liðsafla, að nægi til að banna aðgang að ströndum óvinaríkisins.

7. gr.

Auk þeirra muna, er nefndir eru í tilskipun 4. maí 1804 13. gr., og bannað er að selja á ófriðartímum, og eru það fallbyssur, standbyssur (Morterer), alls konar vopn, skammbyssur, sprengihnettir (Bomber og Granater), kúlur, byssur, eldtinna, fallbyssukyndlar, púður, saltþjetur, brennisteinn, brynjur, spjót, sverð, sverðfetlar, púðurtöskur, hnakkar og beizli (þó að undanteknu svo miklu af þessum munum, sem þurfa kynni til að verja skipið og skipverja), skal enn fremur telja með þeim munum, er eigi má selja í ófriði, alla þá tilbúna hluti, er hafa má beinlínis til hernaðar.

Skyldi svo fara, að nauðsyn yrði að breyta eða bæta einhverju við, sem óheimilt sje að selja á ófriðartímum, sakir sjerstaklegra samninga milli Hans Hátignar konungsins og útlendra ríkja, geymir utanríkisráðgjafinn sjer rjett til að birta það, sem við þarf frekar, er hann hefir fengið til þess allrahæztan úrskurð.

8. gr.

Ef vopnað skip frá ríkjum þeim, er í ófriðnum eiga, kallar til kaupfars á sæ úti, er eigi hefir vopnað skipalið sjer til varnar, og eigi það rjett á að skoða skipaskjölin, á skipstjóri eigi að veita mótsþyrnu gegn slíkri rannsókn, ef hún skyldi verða hafin af foringjanum fyrir áminnstu vopnbúnu skipi, heldur er hann þvert á móti skyldugur að sýna dyggilega og undandrátarlaust öll skjöl og skilríki, er snerta skipið og farm þess. Bannað er og harðlega bæði skipstjóra og óæðri yfirmönnum á skipinu eða hásetunum að kasta fyrir borð eða á nokkurn hátt ónýta eða leyna nokkru skjali eða öðru af skilríkjum þeim, er á skipinu eru og snerta skipið eða farm þess, hvort heldur er á undan rannsókninni, eða meðan á henni stendur.

Þegar kaupförum er veitt vernd vopnaðra skipa með dönsku hernaðarmerki, á skipstjóri að sýna foringja verndarliðsins skipskjöl sín, áður en hann er tekinn undir vernd þess, og ber honum að öllu að haga sjer vandlega eptir boðum hans.

Þetta er hjer með kunnngjört öllum hlutaðeigöndum til leiðbeingar og eptirbreytni.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 18. júní 1877.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.